

49. fundur sveitarstjórnar Fljótshrepps, Végarði 06.10. 2020, kl. 13:30

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Að auki var mætt Ásdís Helga Bjarnadóttir undir 1. lið.

Áður en gengið var til dagskrár tilkynnti oddviti að Arna Björg Bjarnadóttir væri flutt úr sveitarfélaginu og starfaði því ekki lengur í nefndum á vegum sveitarfélagsins, né sem 1. varamaður í sveitarstjórn. Oddviti þakkaði Örnunni fyrir vel unnin störf og óskaði henni velfarnaðar í framtíðinni.

Dagskrá:

1. **Byggðakjarni**
2. **Fjárhagsáætlun 2021**
3. **Umhverfisstyrkir**
4. **Skýrsla sveitarstjóra-Ársalir**

1. **Byggðakjarni**

Ásdís Helga verkefnastjóri fór yfir samantekt frá TGJ vegna staðsetningu á byggðarkjarna/athafnasvæði í sveitarfélaginu. Komið er að þeim tímapunkti að taka ákvarðanir um staðsetningu og framtíðarsýn fyrir byggðarkjarnann. Að því loknu fóru fram umræður í sveitarstjórn um málið. Á fimmtudaginn kemur mun sveitarstjórn og samfélagsnefnd funda með TGJ.

Ásdís yfirgaf fundinn klukkan 14:30

2. **Fjárhagsáætlun 2021**

Sveitarstjóri kynnti drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 og undir kynningunni fóru fram umræður um einstaka liði.

Samþykkt að sveitarstjóri skoði launakjör sveitarstjórnarmanna ásamt því að gera drög að samningi um afleysingu við oddvita og varaoddvita. Einnig er sveitarstjóra falið að kalla eftir tillögum frá nefndum sveitarfélagsins varðandi framkvæmdir, sem nota má við gerð fjárhagsáætlunar.

3. **Umhverfisstyrkir**

Melar

Samþykktur hámarksstyrkur

Eiríkur vék af fundi vegna vanhæfis

Arnheiðarstaðir

Samþykktur hámarksstyrkur

Eiríkur kom aftur til fundar

Hrafnkelsstaðir

Samþykktur hámarksstyrkur

Litla Grund

Samþykktur hámarksstyrkur

Víðivellir Ytri 1

Samþykktur hámarksstyrkur

4. Skýrsla sveitarstjóra-Ársalir

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga

Sveitarstjóri og oddviti sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað

Árssalir

Fram kom m.a. í fundargerð stjórnar Ársala að leita skuli tilboða í hönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Lagarás 21-33 að fengnu samþykki aðildarsveitarfélaga fyrir því að ráðist skuli í umræddar framkvæmdir.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leiti að leitað verði tilboða í hönnun og að sá verkþáttur verði unninn. Sveitarstjórn leggur til að stjórn Ársala verði falið að kanna með mögulega aðkomu félagsmálaráðuneytis og/eða Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar að verkefninu og er niðurstaða úr þeirri vinnu liggur fyrir, sem og hönnunar, verði unnin kostnaðaráætlun fyrir framkvæmdina í heild sem verði lögð fyrir sveitarstjórnir til afgreiðslu áður en lengra verði haldið.

Ekki er gert ráð fyrir útlögðum kostnaði sveitarfélagana og hlutur Fljótsdalshrepps er 4,3%.

Þrif í Végarði og sorpmál

Höfum fengið Guðbjörgu Pálsdóttur til liðs við okkur við þrif á Végarði. Þá einnig Þórhall Jóhannsson í einn til tvo daga við ráðgjöf um ruslaflokkun og eldhússkipulag.

Rýni hópur

Rýnihópur um heimasíðu og samfélagsmiðla tengt hreppnum

Með vísan í niðurstöðu samfélagsþings þar sem óskað var eftir endurskoðun og breytinga á heimasíðu hreppsins er lagt til að stofnaður verði rýnihópur sem skilar tillögum til sveitarstjórnar um endurbætur. Verkefnastjóri FFF hefur rýnt hana með

nýbúum en mikilvægt er að taka heildstætt á miðlun á vegum hreppsins og gera þannig upplýsingar aðgengilegri fyrir íbúa, nýbúa og innlenda og erlenda gesti. Jafnframt er lagt til að sveitarfélagið standi fyrir námskeiði fyrir þá sem vilja um notkun upplýsingaveitna. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að kalla saman rýni hóp.

Kyndistöð og Fljótsdalsgrund

Björn Sveinsson hefur gert afstöðmynd þar sem kyndistöð er staðsett fyrir ofan Végarð og innan birkibeltis. Það er breyting frá fyrri hugmyndum um að hafa stöðina utan birkibeltis.

Vegamál

Skoðunarferð með Vegagerðarmönnum þar sem velt var upp möguleikum á endurbótum á vegum í Suðurdal frá Víðivöllum fremri og inn í Sturluflöt og Norðurdal frá Glúmstöðum 2 og inn í Egilsstaði. Rætt um að malbika ómalbikaðar heimreiðar. Einnig að unnið efni vanti til ofaniburðar á malarvegi. Sveitarstjóra falið að meta kostnað við endurklæðningu heimreiða í tengslum við fjárhagsáætlun.

Framkvæmdastjóður ferðamannastaða

Verið er að leggja lokahönd á fjórar umsóknir í sveitarsfélaginu til sjóðsins og þær unnar af Skúla Birni Gunnarssyni. Þrjár fyrir Hengifoss og ein fyrir Strútsfoss.

Neyðarlínan

Neyðarlínan er að vinna að lausn á þessu máli um úrbætur á fjarskiptasambandi í samstarfi við Fljótsdalshrepp, Landsvirkjun og símafélög.

Heppilegasta lausnin er að setja upp fjarstöð (sem heitir RRU) farsíma á vel völdum stöðum, í Norður- og Suðurdal, sem tengjast móðurstöð símafélags sem er í Fljótsdalstöð. Til þess að það virki þarf aðgang að ljósleiðarakerfi sveitarfélagsins til að tengja fjarstöðvar við móðurstöð.

Því er þess hér með óskað að sveitarfélagið leggi til þennan aðgang, gegn hóflegu gjaldi. Stefnt er að því að setja þetta upp á næstu vikum.

Sveitarstjórn samþykkir beiðnina.

Hengifoss. Laga þarf umhverfi við bílastæði s.s. lagfæra hellur mála bita meðfram plönnum, mála skiltastanda, grjóthreinsa og slá flöt. Hressa upp á göngustíginn upp að hliði.

Sveitarstjórn er samþykk að umhverfi Hengifoss verði lagfært.

Erindi frá Önnu Jónu:

Sveitarstjórn er samþykkt að taka inn á fundinn erindi frá Önnu Jónu. Erindið er um það hvort hægt væri að styrkja hjúkrunarheimilið Dyngju á Egilsstöðum með fjárframlagi.

Sveitarstjóra falið að kanna á hvaða hátt því verði best fyrir komið.

Boðað er til næsta sveitarstjórnarfundar þriðjudaginn 20.10.2020, klukkan 13:30.

Fundi slitið klukkan 19:35

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Jóhann F. Þórhallsson

Lárus Heiðarsson

Anna Jóna Árnarsdóttir

Gunnþórunn Ingólfsdóttir

Eiríkur J. Kjerúlf